

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 541/2011****2014/EES/67/03****frá 1. júní 2011****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 um framkvæmd reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt þykir að skrá virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og virk efni sem hafa verið samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð í aðskilda hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011⁽²⁾.
- 2) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Virku efnin sem eru skráð í A-hluta viðaukans skulu teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

Virku efnin sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í B-hluta viðaukans.“

- 2) Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. júní 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júní 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti.*

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 187. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2014 frá 30. september 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar viðaukans „VIRK EFNIR SEM HAFA VERIÐ SAMÞYKKT TIL NOTKUNAR Í PLÖNTUVERNDARVÖRUR“ komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009“

2) Í stað orðanna „Almenn ákvæði sem gilda um öll efni sem eru skráð í þessum viðauka.“ komi „Almenn ákvæði sem gilda um öll efni sem eru skráð í þessum hluta.“

3) Eftirfarandi B-hluti bætist við:

„B-HLUTI

Virk efni sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009

Almenn ákvæði sem gilda um öll efni sem eru skráð í þessum hluta:

- Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 skal, að því er varðar hvert efni, taka tillit til niðurstaðna varðandi efnið í endurskoðunarskýrslunni, einkum í I. og II. viðbæti við hana.
- Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir hagsmunaaðilar hafi aðgang að öllum endurskoðunarskýrslum (að undanskildum trúnaðarupplýsingum í skilningi 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009) eða sé veittur aðgangur að þeim sé þess sérstaklega óskað.

Númer	Almenn heiti, kenningarnúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki(*)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði“

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift virka efnisins er að finna í endurskoðunarskýrslunni.